

Almennar leiðbeiningar um framsetningu framboðslista

Um framboð til alþingiskosninga er fjallað í VII. kafla laga um kosningar til Alþingis. Venjulegast er talað um framboð stjórnmalasamtaka eða framboðslista sem boðnir eru fram í nafni samtaka. Stjórnmalasamtök bera ábyrgð á að framboðslistar, á þeirra vegum, uppfylli þau skilyrði kosningalaga um framboð, sem lög gera ráð fyrir.

Samkvæmt 30. gr. kosningalaganna skulu öll framboð tilkynnt til hlutaðeigandi yfirkjörstjórnar eigi síðar en kl. 12 á hádegi 15 dögum fyrir kjördag. Þess skal gætt um öll framboð að tilgreina skýrlega *nöfn frambjóðenda, kennitölu, stöðu eða starfsheiti* og *heimili* til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir eru í kjöri. Við undirbúning framboða á vegum stjórnmalasamtaka hefur landskjörstjórn fengið óskir um að útbúnar verði almennar leiðbeiningar um framsetningu framboðslista. Jafnframt hefur landskjörstjórn tekið eftir því við yfirferð framboðslista og undirbúning auglýsingar framboða, sbr. 44 .gr. kosningalaga, að þörf er á slíkum almennum leiðbeiningum.

Í þeim tilgangi að stuðla að samræmi og einfalda framkvæmd hefur landskjörstjórn tekið saman eftirfarandi almennar leiðbeiningar um framsetningu framboðslista.

1. Nafn frambjóðanda

Lög um kosningar til Alþingis miða við að um ritun nafns á framboðslista fari samkvæmt lögum um mannanöfn. Því skal rita nöfn manna eins og þau eru skráð í þjóðskrá á hverjum tíma. Þegar talað er um fullt nafn manns, merkir það að jafnaði eiginnafn hans eða eiginnöfn, millinafn, ef því er að skipta, og kenninafn eða kenninöfn ef við á. Eiginnöfn og millinafn mega aldrei vera fleiri en þrjú samtals.

Þegar framboðslisti er tilkynntur, skv. 2. mgr. 30. gr. kosningalaga, skal að jafnaði tilgreina nafn frambjóðenda eins og það er skráð í þjóðskrá. Nafn frambjóðanda á kjörseðli er almennt ritað í einni línu (um 6 sm breið) en annars í tveimur línur komist það ekki fyrir í einni.

Í kosningalögum eru ekki fyrirmæli um ritun nafns líkt og er í lögum um kosningar til danska Þjóðþingsins, svo sem heimildar til að stytta nafn eða fella niður eiginnafn eða millinafn. Í framkvæmd hafa þó mótast ákveðnar reglur þar sem heimilað hefur verið að víkja frá kröfum kosningalaganna um ritun nafna eins og í þjóðskrá. Meginsjónarmiðið er þá að kjósandi sé kunnur af þeirri (eða slíkri) beitingu eiginnafns eða annarra nafna sinna.

Stjórnmalasamtök og einstaka frambjóðendur bera ábyrgð á að nafn á framboðslista sé ritað á þann hátt sem frambjóðandi óskar og að fylgt sé reglum kosningalaga að öðru leyti.

- a. *Ritmynd ekki eins og í þjóðskrá.* Frambjóðendum hefur verið játað svigrúm til þess að nota þá ritmynd nafns sem þeir eru kunnir af.

Dæmi um breytingu á ritmynd er hvort broddstafur er hafður í einhverju nafni frambjóðanda eða ekki á framboðslistanum, t.d. Kjerulf eða Kerúlf; Theódór eða Theodór og Gaua eða Gauja.

- b. *Síðara eiginnafni sleppt (oft kallað millinafn).* Ekki hefur verið gerð athugasemd við það ef frambjóðandi hefur viljað sleppa síðara eiginnafni.

Dæmi: Stefán Hjálmur Sigfússon: Stefán Sigfússon eða Guðrún Jóna Hannesdóttir: Guðrún Hannesdóttir.

- c. *Öðru af tveimur kenninöfnum er sleppt.* Ef frambjóðandi ber tvö kenninöfn er honum heimilt að sleppa öðru þeirra.

Dæmi: Guðrúnardóttir Jónsdóttir: Guðrúnardóttir.

- d. *Síðara eiginnafni eða annað kenninafn stytt.* Algengt er að í stað síðara eiginnafns sé ritaður upphafsstafur þess. Enn fremur að annað kenninafn af tveimur sé stytt með einum bókstaf.

Dæmi: Stefán H. Sigfússon eða Guðrún J. Hannesdóttir.

Dæmi: Guðrúnardóttir Jónsdóttir: G. Jónsdóttir.

- e. *Stytting síðara nafns getur einnig tekið til ritháttar þess.*

Dæmi: Gréta Sólveig Gunnlaugsdóttir: Gréta Sólv. Gunnlaugsdóttir eða Stefán Jóhann Sigurðsson: Stefán Jóh. Sigurðsson.

2 Kennitala

Áskilnaður kosningalaga um kennitölu gerir mögulegt að ganga úr skugga um hverjir séu í kjöri.

Í auglýsingu landskjörstjórnar um framboðslista við alþingiskosningar, sbr. 44. gr. laga um kosningar til Alþingis, koma fram kennitölur frambjóðenda, sbr. 2. mgr. 30. gr. kosningalaga.

3 Staða eða starfsheiti

Áskilnaður um stöðu eða starfsheiti hefur verið allengi í lögum um kosningar. Tilgangur þess hefur augsjáanlega verið sá að auðkenna frambjóðendur þannig að ljóst mætti vera hverjir væru í kjöri. Ætla má að þessi atriði hafi haft meiri þýðingu þegar samfélag og atvinnuhættir voru einfaldari en nú er.

Í framkvæmd hefur frambjóðandi haft nokkuð svigrúm til þess að auðkenna sig með stöðu og starfsheiti. Starfsheiti hafa þó ekki verið samræmd sérstaklega eins og t.d. „nemi“, „háskólanemi“ og „nemandi í Háskóla Íslands“; „kennari“ og

„grunnskólakennari“; „húsmóðir“ og „móðir“. Þá eru einnig dæmi um að starfsheiti hafi breyst, t.a.m. hjúkrunarfræðingur og hjúkrunarkona.

Haft hefur verið að leiðarljósi að starfsheiti sé ekki andstætt velsæmi eða til ama og sé á íslenskri tungu.

Líta verður svo á að staða eða starfsheiti frambjóðenda þjóni enn þeim tilgangi að vera til auðkenningar. Ýmis álitamál geta þó komið upp og flókið getur reynst að afmarka í einstöku tilvikum hvort starfsheiti sé andstætt velsæmi eða til ama. Meta verður hvert tilvik heildstætt og gæta innbyrðis samræmis.

4 Heimili

Loks er þess krafist að tilgreina skuli heimili frambjóðanda. Skilyrði þetta hefur þann sama tilgang og önnur skilyrði 2. mgr. 30. gr. laga um kosningar til Alþingis að tryggja að ljóst megi vera hverjir eru í kjöri. Með heimili í kosningalögum er átt við lögheimili samkvæmt þjóðskrá. Áréttu verður að lögheimili merkir ekki það sama og póstnúmer.

Í framkvæmd hefur mátt greina margvíslegt misræmi milli framboðslista og jafnvel á sama lista um það hvernig heimili er tilgreint. Ljóst er að þar var ekki stuðst við samræmdar reglur eða viðmið.

Til samræmis og tímasparnaðar við uppsetningu auglýsingar landskjörstjórnar er rétt að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- a. Tilgreina skal heimili eins og það er skráð, sem lögheimili, í þjóðskrá og birt í kjörskrá.
- b. Heimilisfang á að rita í þágufalli.
- c. Séu frambjóðendur skráðir „óstaðsettir í hús“ í kjörskrá, skal rita heiti sveitarfélags þar sem þeir eru skráðir en ekki með neitt heimilisfang. Leita skal upplýsinga hjá Þjóðskrá Íslands um það hvort sá sem í hlut á eigi óafgreitt erindi um skráningu hjá stofnuninni.
- d. Ekki á að tilgreina póstnúmer.
- e. Við skráningu á heiti sveitarfélags er í framkvæmd farið eftir skráningu í kjörskrá. *Dæmi:* Reykjavík, Hveragerði, Kópavogur, Hafnarfjörður og Seltjarnarnes en skv. samþykktum sveitarfélaganna heita þau: Reykjavíkurborg, Hveragerðisbær, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður og Seltjarnarnesbær. *Annað dæmi* er Fjarðabyggð, þar skal miða við þann þéttbýliskjarna sem frambjóðandi býr, t.a.m. Stöðvarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Reyðarfjörður, Eskifjörður og Neskaupstaður.